



Aðalfundur UFA var haldinn 28. febrúar 2024 kl 18:00 í Íþróttahöllinni v/Skólastíg

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður UFA, setti fundinn og bauð alla velkomna á 35. aðalfund UFA. Hún stakk upp á að Elsa María Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri og María Indriðadóttir fundarritari. Það var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2023

Jóna Finndís flutti skýrslu stjórnar, sem aðgengileg er á heimasíðu UFA. Úr skýrslunni ber helst að nefna að árið 2023 var gott frjálsíþróttarár. Fjöldi iðkenda í frjálsíþróttahópnum óx mikið frá árunum á undan, 90 iðendur voru skráðir á haustönn 2023. Gaman er að sjá að fjöldi iðkenda í Meistaraflokki, þ.e. þeirra sem eru 15 ára og eldri hefur aukist frá því sem áður var.

UFA fær stuðning ýmissa aðila en á árinu 2024 munu lottótekjur félagsins minnka mikið því á sambandsþingi UMFÍ sl. haust var reglum um lottóúthlutanir breytt þannig að nú munu 15% fara til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða og 85% fara til íþróttahéraða, m.a. til ÍBA sem síðan skiptir lottótekjum á milli félaga á Akureyri. Miðað við þær reglur sem nú eru í gildi um lottóúthlutanir þá er áætlað að lottótekjur UFA lækki um a.m.k. 2 milljónir kr. Jóna Finndís lýsti vonbrigðum með þessa niðurstöðu og það að nú nyti UFA ekki lengur sérstöðu sem Ungmennafélag þrátt fyrir að standa fyrir fjölda almenningsviðburða. Hún óskaði eftir ábendingum frá fundarmönnum um hvernig hægt væri að auka tekjurnar á annan hátt en með því að hækka æfingagjöld, líkt og gert var í byrjun árs 2024.

Rífuð voru upp mótin og viðburðirnir sem UFA hélt á árinu. Grunnskólamót UFA, Akureyramót UFA og Norðenska - innanhúss og utanhúss, UFA dagurinn, Meistaramót Íslands - masters og fjölþraut og Minningarmót Ólvers, auk minni innanfélagsmóta. Einnig hélt UFA, í samstarfi við UFA Eyrarskólk 1. maí hlaupið og Akureyrarhlaupið. Jóna Finndís þakkaði keppendum kærlega fyrir árangursrík og skemmtileg mót á árinu og sendi hjartans þakkir til allra starfsmanna sem að mótum ársins komu, þeirra sem eru boðnir og búnir að aðstoða félagið hvenær sem kallið kemur, hvort sem er inni eða út, í sól eða hryssingslegu veðri líkt og stundum vill verða. Engin mót væru haldin ef ekki væri fyrir þann jákvæða hóp sjálfboðaliða sem með nákvæmni og þolinmæði mæla og skrá allt samkvæmt kúnstarinnar reglum.

Farið var yfir hverjir úr UFA hefðu verið í landsliðshópi og úrvalshópi öldunga auk þess sem tekin var mynd af þeim Íslandsmeisturum félagsins sem voru á staðnum, en félagið átti 20 íslandsmeistara á árin 2023 og unnu þeir sér inn alls 70 íslandsmeistaratitla.

Rósa Dagný Benjamínsdóttir fór yfir ársreikning frjálsíþróttastarfs UFA fyrir árið 2023, hagnaður reyndist af rekstri félagsins, tæpar 300 þús. kr. Hagnaðurinn var minni en í fyrra enda er félaginu

ekki ætlað að safna í sjóð heldur nota þá fjármuni sem félagið aflar fyrir iðkendur. Útgjöld jukust vegna þjálfunar, með hliðsjón af auknum iðkendafjölda. Notaður var hluti af hagnaði síðasta árs til að niðurgreiða rútuferðir fyrir iðkendur á meistaramót í byrjun árs. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn og hann samþykktur samhljóða.

Rannveig Oddsdóttir, formaður Langhlaupadeildar UFA – UFA Eyrarskókk, flutti skýrslu deildarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Hún sagði helsta afrek deildarinnar væri að halda stórum hópi fólks hraustum og hamingjusömum. Hún skýrði frá því að um 120 iðkendur eru hjá félaginu, boðið er upp á skipulagðar hlaupaæfingar þrisvar í viku sem eru vel sóttar auk þess sem hópurnir hefur haft aðstöðu til að taka drillu-æfingar í Boganum með UFA plús hópnum í vetur. Hún talað um að Eyrarskókkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu og sumir létu það ekki duga heldur ferðuðust til útlanda líka til að hlaupa.

Rannveig sagði frá hlaupanámskeiði sem haldið var sl. vor líkt og hefð er fyrir ásamt hlaupum sem Eyrarskókk stóð fyrir á síðasta ári, þ.e. Vetrarhlaup UFA, 1. maí hlaup UFA, Akureyrarhlaup, Súlu Vertical, Hausthlaup UFA og Gamlárshlaup. Rannveig fór einnig yfir helstu tölur úr ársreikningi langhlaupadeildarinnar en hagnaður deildarinnar voru rúmar 800 þús. kr.

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, formaður þríþautardeildar UFA - Norðurljósanna, flutti skýrslu deildarinnar sem aðgengileg er á heimasíðu UFA. Hún kynnti stjórn félagsins og helsta starf. Norðurljósapriþautin var haldinn í 3 skipti á Hrafnargili 22.júlí 2023. Í þetta skiptið var keppt í sprettþraut (hjól, sund, hlaup) og mættu 27 þátttakendur til leiks, þar af 4 í byrjendaflokki. Að venju lék veðrið við okkur og aðstæður voru eins og best var á kosið. Hún sagði frá því að Norðurljósinn áttu 7 keppendur í IronMan keppni sem fram fór í Barcelona á Spáni, fjórir keppendur kláruðu heilan IronMan og þrír keppendur hálfan. Í byrjun nýs æfingarárs, í október 2023, var ákveðið að taka upp hóflegt árgjald í Norðurljósinn. Þetta var gert til þess að geta haldið betur utan um hverjir eru virkir meðlimir og hafa þeir aðgang að lokuðum Facebook hóp og spjalli auk þess sem stjórnin stendur fyrir viðburðum sem aðeins eru fyrir meðlimi. Í lok árs 2023 voru virkir meðlimir 17. Hún fór yfir fjárhag deildarinnar en hún var rekin með 150 þús. kr. hagnaði á árinu 2023.

2. Ársreikningur 2023

Jóna Finndís fór yfir samantekinn ársreikning allra deilda, tekjur ársins fyrir félagið í heild námu 19,9 milljónum króna en gjöld 18,9 milljónum króna. Hagnaður félagsins nam því 1,3 milljónum króna og eigið fé í árslok nam 11,8 milljónum króna. Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2024

Rósa Dagný fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2024. Áætlað er að styrkir muni nema um 5,5 milljónum króna á árinu 2024 sem er tæplega 1,8 milljón minna en á árinu 2023 því reiknað er með lækkun lottótekna, líkt og áður hefur verið greint frá. Á móti, er gert ráð fyrir að félags og

æfingagjöld hækki um 1,6 milljónir kr. og að hagnaður félagsins á árinu nemi áætluðum vaxtatekjum, þ.e. 150 þúsund krónum.

Hlé var gert og súpa var veitt í boði RUB23.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

5. Ákvörðun um árgjöld félagsmanna

Ekki var lagt til að innheimt yrðu félagsgjöld, frekar en undanfarin ár.

6. Kosning stjórnar

Jóna Finndís Jónsdóttir, Rósa Dagný Benjamínsdóttir, Rósa Hrefna Gísladóttir, Katrín Ósk Guðmundsdóttir og María Indriðadóttir gáfu kost á sér áfram auk þess sem Hulda Berglind gaf kost á sér áfram í varastjórn. Sigurveig Björg Harðardóttir gaf kost á sér í varastjórn. Engin mótframboð voru og stjórnin því staðfest einróma.

Óskað var eftir framboði iðkenda til að sitja sem áheyrnarfulltrúi í stjórn, stungið var upp á Alexander Breka Jónssyni og iðkendur staðfestu kosningu hans með lófataki.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri skýrði frá því að Guðmundur Víðir Gunnlaugsson og Arnar Elíasson gæfu áfram kost á sér sem skoðunarmanna reikninga. Kosning þeirra var staðfest samhljóða af fundarmönnum.

8. Viðurkenningar til iðkenda og þjálfara

Íþróttafólk UFA árið 2023, Baldvin Þór Magnússon og Anna Berglind Pálmadóttir voru kölluð upp og þeim veittar viðurkenningar.

Ari, yfirþjálfari meistaraflokks ræddi starfið í vetur, hann talaði um að hópurinn samanstæði af frábærum krökkum sem allir stæðu sig vel. Til hvatningar bendir hann iðulega á fullorðnu iðkendurna sem fyrirmynd fyrir þau hópinn. Hann lét krakkana í meistaraflokki um að velja annars vegar besta félagann og hins vegar besta afrekið. Þar var Sigurlaug Anna Sveinsdóttir (Silla) kosin besti félaginn enda er hún mjög góð fyrirmynd og sérstaklega öflug að hvetja aðra iðkendur til dáða. Hvað varðar besta afrekið var valið flóknara, þar urðu Brynjar Páll Jóhannsson í þriðja sæti, Stefanía Daney Guðmundsdóttir í öðru sæti, en besta afrekið var valið Íslandsmetaldursflokkamet Tobíasar Þórarins Matharel í þrístökki.

Unnar og Brói, þjálfarar yngri flokka veittu hvatningarverðlaun, þeir sögðu alltaf erfitt að velja úr stórum hóp af frábæru fólki, valdir voru þrír einstaklingar sem þeir vilja hvetja til að halda áfram, þakka fyrir góða æfingasókn og góðan árangur. Þetta þýðir þó ekki að aðrir séu ekki mjög góðir líka.

Hvatningarverðlaunin 11-14 ára fengu Hugrún Mjöll Eiðsdóttir, Heiðrós Anna Daðadóttir og Kári Thoroddsen.

Þjálfarar fengu viðurkenningar fyrir vel unnin störf og aðstoðarþjálfarar einnig.

9. Önnur mál

Rósa Hrefna benti á að tímabært sé að skrá keppendur á Gautaborgaleika.

Jóna Finndís sagði frá því að í boði er að taka dómaranámskeið í frjálsum íþróttum á netinu. Hún mun miðla nánari upplýsingum á vef UFA og facebook síðunum.

Unnar tók til máls og þakkaði stjórninni fyrir sín störf. Hann ræddi skemmtilegt starf félagsins og þau fjölmörgu verkefni sem eru framundan. Hann nefndi sérstaklega Grunnskólamótið í maí, Meistaramót Íslands sem við munum halda síðustu helgina í júní, ferð félagsins á Gautaborgarleikana og fjáröflun tengt því. Hann minnti einnig á Unglingalandsmótið sem haldið verður um verslunarmannahelgina í Borgarnesi fyrir krakka á aldrinum 11-18 ára, gaman væri ef félagið myndi fjölmenna þangað. Unnar heldur upp á 40 ára þjálfarareynslu sína þetta árið.

Anna Berglind tók til máls um keppnisföt. Til skoðunar að breyta um fyrirtæki hvað varðar keppnisflíkur, því hjá Macron þurfum við að panta 16 flíkur í einu sem er óhentugt þegar eingöngu vantar nokkrar flíkur hverju sinni. Hún talaði um að halda í appelsínugula litinn en panta hjá fyrirtæki þar sem hægt sé að panta eina flík í einu. Hún lagði til að stjórnin skoðaði flíkur frá Craftverslun, þar sem margt er í boði á tiltölulega góðu verði. Þar eru þó ekki til appelsínugulir toppar, en hægt væri að merkja svarta toppa á áberandi hátt með UFA merkinu. Stjórn heldur áfram að skoða málið.

Fundi slitið 19:47

Fundargerð ritaði María Indriðadóttir